

Hvað er á seyði um helgina

Hvað er á seyði um helgina

# Kjarval, Magnús og Hönnun'82


## — síðasta sýningarhelgi

Þrem sýningum á Kjarvalsstöðum lýkur nú um helgina. Það eru sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals, sýniljóð og ljóðskúlptúrar Magnúsar Tómassonar og sýningin Hönnun '82.


Sýningin á verkum Kjarvals sem nú stendur yfir ber nafnið „Af trön-um Kjarvals“. Hún er ýtarleg kynning á safni því er listamaðurinn færðir Reykjavíkurborg að gjöf. Meðal verkanna eru olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar. Gyflí Gíslason sá um uppsetningu á þessari sýningu.

Sýning Magnúsar Tómassonar „Sýniljóð og skúlptúrar“ er afkrstur ársstarfs listamannsins, en hann varð fyrstur manna valinn til að gegna starfsheiti „borgarlistamanns“. Hér á landi er Magnús einkum þekktur fyrir hlut sinn í starfsemi SUM, en hann tók þátt í stofnun SUM og rak um skeið gallerí með sama nafni. Magnús hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér og erlendis og einnig haldið einkasýningar.


I vestursal Kjarvalsstaða stendur yfir þriðja sýningin og ber nafnið „Hönnun '81“. Að þessari sýningu stendur stjórn Kjarvalsstaða og stjórnarnefnd markaðsáttaks í þágu húsgagnaiðnaðarins. Tíu íslensk iðnfyrirtæki og 25 listamenn taka þátt í sýningunni, en tilgangurinn með henni er meðal annars að leiða saman framleiðendur iðnaðarværa



Án titils eftir Magnús Tómasson.



Af sýningunni Hönnun '82.



**GLÆSIBÆR:** Grétar Laufdal verður í diskótekinu um helgina frá klukkan 10—03, það er diskósalar 74, tónlistin úr safni ferðadiskóteksins. Grétar býður alla velkomna og óskar gestum góðrar skemmtunar. Hljómveitin Glæsir leikur fyrir dansi í öðrum sal hússins öll kvöld helgarinnar.

**LINDARBÆR:** Laugardagskvöld, gömlu dansarnir. Valgerður Þórisdóttir syngur

undir leik hljómsveitar Rúts Kr. Hannessonar.

**HREYFILSHÚSÍÐ:** Opíð laugardagskvöld, gömlu dansarnir.

**LEIKHÚSKJALLARINN:** Föstudags- og laugardagskvöld — „kjallarakvöld“ skemmtiþáttur 1 og 2 í kjallaranum „dúa“.

**HÓTEL SAGA:** Hljómveit Ragna Bjarna sér um fjórð á laugardagskvöldið.

**SNEKKJAN:** Dansbandið leikur föstudags- og laugardagskvöld. Matsölustaðurinn Skútán opin sömu kvöld.

**Hótel Borg:** Diskótekið Disa sér um diskónúninga bæði föstudags- og laugardagskvöld. Sunnudagskvöld verður hljómsveit Jóns Sigurðssonar með tónlist af vönduðu tagi sem hæfir gömlu dönsunum.

**SIGTUN:** Opíð föstudags- og laugardagskvöld, bingó, spilað á laugardag klukkan 14.

### Matsölustaðir

REYKJAVÍK

ASKUR, Laugavegi 28 B. Símar 18385 og

og listamenn. Sýningunni er einnig ætlað að vekja athygli almennings á íslenskum húsgögnum og listiðnaðarverkum. Síðasti sýningardagur þessara þriggja sýninga er 20. júní en þangað til verða þær opnar frá 14—22 daglega.

-SKJ

nema sunnudaga, þá er opíð frá klukkan 10.00—23.30. Vinveitingar.

**ARNARHÖLL,** Hverfisgötu 8—10, sími 18833: Opíð alla virka daga í hádeginu frá klukkan 12.00—15.00 og alla daga frá kl. 18.00—23.30. Á föstudags og laugardagskvöldum leika Magnús Kjartansson og Finnbogi Kjartansson í Koniakklúbbnum, vinveitingar.

**MENSA,** veitingastofa Lækjargötu 2, 2. hæð, sími 11730: Opíð alla daga nema sunnudaga frá klukkan 10.00—19.00 og sunnudaga frá klukkan 14.00—18.00.

**POTTURINN OG PANNAN,** Bráutarholti 22: Opíð frá 8.00—23.30.

**RÁN,** Skólavörðustíg 12, sími 10848: Opíð klukkan 11.30—23.30, léttar vinveitingar.

**BRAUDBÆR** Þórgötu 1, við Óðinstorg. Sími 25090: Opíð kl. 9—23.30 virka daga og 10—23.30 á sunnudögum.

**ESJUBERG,** Hótel Esju, Suðurlandsbraut 2. Sími 82200: Opíð kl. 7—22. Vinveitingar.

**HOLLYWOOD,** Armúla 5. Borðapantanir í síma 83715. Matur framreiddur kl. 21—23 öll kvöld vikunnar. Vinveitingar.

**HORNÍÐ,** Hafnarstræti 16. Sími 13340: Opíð kl. 11—23.30.

**HÓTEL HOLT,** Bergstaðastræti 37. Borðapantanir í síma 21011. Opíð kl. 12—14.30 og 19—23.30. Vinveitingar.

**HÓTEL LOFTLEIÐIR,** Reykjavíkurlugvelli. Borðapantanir í síma 22321: Blómasalur er opin kl. 8—9.30. (morgunmatur), 12—14.30 og 19—22.30. Vinveitingar. Borðapantanir í Súlnasal í síma 20221. Matur er framreiddur föstudaga og laugardaga kl. 19—21. Vinveitingar.

**KAFFIVAGNINN,** Grandagarði 10. Símar 12509 og 15932. Opíð kl. 4 eftir miðnætti til kl. 23.30. Vinveitingar.

**KRAIN** við Hlemmtorg. Sími 24631. Opíð alla daga kl. 9—22.

**LAUGAAS,** Laugarásvegi 1. Sími 31620. Opíð 8—24.

**NAUST,** Vesturgötu 6—8: Borðapantanir í síma 17759. Opíð alla daga kl. 11—23.30.

**NESSY,** Austurstræti 22. Sími 11340. Opíð kl. 11—23.30 alla daga.

**ÓDAL** við Austurvöll. Borðapantanir í síma 11322. Matur framreiddur kl. 21—01 sunnudaga til fimmtudaga, kl. 21—03 föstudaga og laugardaga.

**ÞÓRSKAPE,** Bráutarholti 20. Borðapantanir í síma 23333. Matur framreiddur föstudaga og laugardaga kl. 20—22. Vinveitingar.

AKUREYRI

**BAUTINN og SMÍDJAN,** Hafnarstræti 22. Sími 96-21818. Bautinn er opin alla daga kl. 9.30—21.30. Smíðjan er opin mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 18.30—21.30. Föstudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 11.30—14 og 18.30—21.30. Vinveitingar.

**HÓTEL KEA,** Hafnarstræti 87—89. Sími 96—22200. Opíð kl. 19—23.30, matur framreiddur til kl. 21.45. Vinveitingar.

HAFNARFJÖRDUR

**GAFL-INN,** Dalshrauni 13. Sími 54424. Opíð alla daga kl. 8—23.30. Sunnudaga kl. 17—21 er opin veizlusalur með heita og kalda rétti og vinveitingar.

**SNEKKJAN og SKÚTAN,** Strandgötu 1—3. Borðapantanir í síma 52502. Skútan er opin 9—21 sunnudaga til fimmtudaga og 9—22 föstudaga og laugardaga. Matur er framreiddur í Snekkjunni á laugardögum kl. 21—22.30.

AKRANES

**STILLHOLT,** Stílholti 2. Sími 93-2778. Opíð kl. 9.30—21 virka daga og 9.30—22 laugardaga og sunnudaga. Léttar vinveitingar eftir kl. 18.

## BREYTINGAR Á DAGSKRÁ MATTHIASSENS



Jens Matthiasson með barnahóp í föndurvinnu.

Gífurlega góð aðsókn hefur verið að námskeiðum sænska listamanns Jens Matthiasson, en hann hefur verið með föndurvinnustofu fyrir börn í Norræna húsinu þessa vikuna. Börn frá dagvistunarstofnunum í Reykjavík sóttu fyrstu þrjú námskeiðin, en á morgun er almennt námskeið. Í það var strax fullbókað og vegna mikillar aðsóknar verður haldið eitt aukanámskeið fyrir börn og foreldra á morgun, laugardag klukkan 14.00. Innritun fer fram á skrifstofu

Norræna hússins, en ekki verður unnt að taka við fleiri en fimmtán börnum.

Á mánudagskvöldið 21. júní klukkan 20:30 heldur Jens Matthiasson svo fyrirlestur um verkefni listamanna á dagvistunarstofnunum og nefnir hann „Har en konstnär paa dagis att göra?“ Áður hafði verið auglýst að fyrirlestur þessi yrði haldinn föstudaginn 18. júní en hann hefur sem sagt verið fluttur fram til mánudags.

-SKJ.